

Ed.

333. Frumvarp til laga

[258. mál]

um ábyrgð vegna norræna fjárfestingarlána til verkefna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 5 350 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 77 19. maí 1982, um ábyrgð vegna norræna fjárfestingarlána til verkefna, var ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 2 830 000 sérstök dráttarréttindi, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda. Á grundvelli laganna gerði Ísland ábyrgðasamning við bankann í júní 1982. Vegna aukinna umsvifa samþykkti ráðherranefnd Norðurlanda hinn 30. maí 1986, sbr. fylgiskjal, að gera breytingar á samþykktum bankans þannig að hækka mætti þá upphæð sem bankinn gæti veitt vegna fjárfestingarlána og ábyrgða til verkefna utan Norðurlanda úr 350 milljónum í 700 milljónir sérstakra dráttarréttinda fyrir Norðurlönd í heild.

Á grundvelli samþykkis Alþingis stefna stjórnvöld að því að gera nýjan ábyrgðasamning Íslands og bankans það tímanlega að hann geti gengið í gildi hinn 1. janúar 1987 og stefna önnur stjórnvöld á Norðurlöndum að sama gildistökudegi samninga þeirra við bankann, svo og breytinganna á samþykktum bankans. Nýi samningurinn leysir eldri samning milli Íslands og bankans af hólmi.

Fylgiskjal.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi breytingar á samþykktum Norræna fjárfestingarbankans:

a. 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánnum til verkefna skv. 6. gr. A sem nema allt að jafnvirði 700 milljóna SDR.

b. 6. gr. A orðist svo:

Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda sem fjárfestingarlán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingarlánnum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánnum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 142,065 milljónum SDR, Finnland 111,510 milljónum SDR, Ísland 5,350 milljónum SDR, Noregur 123,480 milljónum SDR og Svíþjóð 247,595 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingarláns til verkefnis. Greiðsla fer fram þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands. Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra fjárfestingarlána til verkefna og ábyrgða á fjárfestingarlánnum til verkefna. Skal fyrst greitt úr sjóðnum þegar tjón verður vegna fjárfestingarlána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingarlánnum til verkefna.

Breytingar á samþykktunum taka gildi hinn 1. janúar 1987 enda hafi löndin fyrir þann tíma veitt bankanum nauðsynlegar ábyrgðir.